

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir C-áfanga Krossaneshaga.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 18. maí 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir C-áfanga Krossaneshaga.

Breytingin tekur til lóðarinnar Týsness 12 og felur í sér tilfærslu á byggingarreit um 5 m til NV inn á lóð og verður fjarlægð byggingarreits frá götu þar með 17 m í stað 12 m áður.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 14. júní 2022,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 15. júní 2022